

Umhverfisstofnun
Áb. _____
21. okt. 2015
Tilv. _____

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfsnesi
Gufunesvegi
112 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 20. október 2015
UST201510-038/E.D.K.
08.14.02

Úrbótaáætlun móttækin og samþykkt

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 7. október 2015 þar sem áformað var að áminna Sorpu bs. vegna fráviks frá starfsleyfi urðunarstaðar í Álfsnesi. Skv. grein 3.2 í starfsleyfi bar Sorpu að skila inn til Umhverfisstofnunar, fyrir 1. desember 2014, tímasettri áætlun um frekari ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun.


Þann 19. október sl. barst Umhverfisstofnun þessi áætlun frá rekstraraðila. Áætlunin er ítarleg og tímasett og samþykkir Umhverfisstofnun hana án athugasemda.

Helstu tímasetningar í áætluninni eru eftirfarandi:

- Nóvember 2015: Tilraun hefst með þrýstisuðu á sláturúrgangi og framleiðslu á lífdísil og moltu
- Nóvember 2015: Skýrsla frá Resource International liggur fyrir, en fyrirtækið hefur verið fengið til aðstoðar við að þróa og auka gæði aðferða við að draga úr lyktarmengun frá urðunarstaðnum.
- Desember 2015: Frágangi verður lokið við Gými 1.
- Maí 2016: Úðakerfi við Gými 2 verður komið í prófun. Hægt verður að nota búnaðinn til að úða lyktheyðandi efnum við óhagstæðar aðstæður, t.d. á sumardögum þegar hiti er mikill.
- Maí 2016: Bíofilter fyrir afloft frá gashreinsistöð endurbættur með vatnsúðakerfi.
- Desember 2017: Gert ráð fyrir að gas- og jarðgerðarstöð hafi tekið til starfa.

Eftirfylgnimáli sem hófst með bréfi dagsettu 7. október 2015 er nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er 23.800kr.

Virðingarfyllst


Sigríður Kristjánsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur